

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1844****2020/EES/85/03****frá 23. nóvember 2018**

um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 10. mgr. 35. gr., þriðju undirgrein 6. mgr. 244. gr. og annarri undirgrein 6. mgr. 245. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 ⁽²⁾ er mælt fyrir um skýrslusniðmát sem váttrygginga- og endurtryggingafélög sem og hluteignarfélag á váttrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi þurfa að nota fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda sem eru nauðsynleg vegna eftirlits.
- 2) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1542 ⁽³⁾, um breytingu á reglunum um útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna flokka eigna í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga, var komið á nýjum viðurkenndum eignaflokki innviðafyrirtækja með tilskilinni gjaldþolskröfu. Til að tryggja að eftirlitsyfirvöld fái einnig nauðsynlegar upplýsingar um fjárfestingar váttrygginga- og endurtryggingafélaga í innviðafyrirtækjum, með þeirri nákvæmni og sundurgreinanleika sem er sambærilegur fyrir aðra eignaflokka innan útreikningsins á markaðsáhættu-einingunni, ætti að aðlaga viðkomandi skýrslusniðmát, eins og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450, að teknu tilliti til þessara breytinga.
- 3) Ákvæði um rétta notkun kennimerkja og samræmt gengi eru afgerandi til að bæta samkvæmni og gæði upplýsinganna að því er varðar söguleg gögn sem gefin eru upp í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilagjaldmiðlinum. Þess vegna hefur 2. og 3. gr. verið breytt til að bæta gæði þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru.
- 4) Sniðmátin er varða breytingagreiningu miða að því að útskýra með efnahagslegum mælistikum hvers vegna og hvernig aðstæður félagsins hafa þróast á árinu. Þar sem hagsmunaaðilar hafa tilgreint nokkur svið fyrir endurbætur og nánari skýringar er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á leiðbeiningunum fyrir sniðmát S.29.01 til S.29.04.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 til samræmis við það.
- 6) Leiðréttu ætti ritvillur í leiðbeiningum sniðmátanna sem leitt geta til ósamkvæmra og misvísandi upplýsinga og af þeim sökum haft áhrif á gæði eftirlitsferlisins. Þess vegna er þörf á nokkrum leiðréttingum, aðallega til að bregðast við skýrsluliðum eða upplýsingum sem vantar í „Almennu athugasemdirnar“ og reitum sem vantar í „Leiðbeiningarnar“.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2019 frá 13. júní 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2450 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir framlagningu upplýsinga til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtið. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1542 frá 8. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna flokka eigna í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (innviðafyrirtæki) (Stjtið. ESB L 236, 14.9.2017, bls. 14).

- 8) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. gr. bætist eftirfarandi d-liður við:

„d) allir gagnapunktur skulu gefnir upp sem jákvæð gildi nema í eftirfarandi tilvikum:

- i. þeir eru af andstæðri gerð en eðlileg fjárhæð liðarins,
- ii. gerð gagnapunktsins heimilar að tilgreind séu jákvæð og neikvæð gildi,
- iii. í viðkomandi leiðbeiningum sem settar eru fram í viðaukunum er krafist öðruvísi skýrslusniðs.“

- 2) Eftirfarandi 4. mgr. a bætist við í 3. gr.:

„4a. Þegar sett eru fram gildi á sögulegum gögnum sem gefin eru upp í öðrum gjaldmiðli en gagnaskilgjaldmiðlinum skal umbreyta slíkum gildum sem tengjast fyrri gagnaskilatímabilum í gagnaskilgjaldmiðilinn, byggt á lokagengi síðasta dags tímabilsins sem tilkynnt er og umreikningsgengið er tiltækt fyrir.“

- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð,
- 5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,
- 6) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Ákvæði I. viðauka eru leiðrétt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæði II. viðauka eru leiðrétt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæði III. viðauka eru leiðrétt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lína bætist við í sniðmáti S.01.02.01:

„Undanþága frá skýrslugjöf um upplýsingar utanaðkomandi lánsþæfismats-fyrirtækis (ECAI)	R0250“.						
---	---------	--	--	--	--	--	--

2. Eftirfarandi lína bætist við í sniðmáti S.01.02.04:

„Undanþága frá skýrslugjöf um upplýsingar utanaðkomandi lánsþæfismats-fyrirtækis (ECAI)	R0250“.						
---	---------	--	--	--	--	--	--

3. Sniðmáti S.12.01.01 er breytt sem hér segir:

a) í stað línu R0220 kemur eftirfarandi:

„Besta mat á afurðum með afsalsrétti	R0220“																
--------------------------------------	--------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

b) í stað lína R0230, R0240 og R0250 kemur eftirfarandi:

„Tryggður og valkvæður ávinningur í framtíðinni	R0230																
---	-------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

<i>Tryggður ávinningur í framtíðinni</i>	R0240																
--	-------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

<i>Valkvæður ávinningur í framtíðinni</i>	R0250“.																
---	---------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

4. Sniðmáti S.26.01.01 er breytt sem hér segir:

a) lína R0290 fellur brott,

b) á milli lína R0280 og R0300 er eftirfarandi línum bætt við:

<i>„fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis</i>	R0291						
<i>fullgild innviðahlutabréf önnur en hlutabréf fyrirtækis</i>	R0292“						

c) lína R0411 fellur brott,

d) í stað línu R0412 kemur eftirfarandi:

<i>„lán og skuldabréf (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)</i>	R0412“						
--	--------	--	--	--	--	--	--

e) á milli lína R0410 og R0412 er eftirfarandi línum bætt við:

<i>„lán og skuldabréf (fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)</i>	R0414						
<i>lán og skuldabréf (fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis)</i>	R0413“.						

5. Sniðmáti S.26.01.04 er breytt sem hér segir:

a) lína R0290 fellur brott,

b) á milli lína R0280 og R0300 er eftirfarandi línum bætt við:

<i>„fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis</i>	R0291						
<i>fullgild innviðahlutabréf önnur en hlutabréf fyrirtækis</i>	R0292“						

c) lína R0411 fellur brott,

d) í stað línu R0412 kemur eftirfarandi:

„lán og skuldabréf (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)	R0412 ⁴⁴					
---	---------------------	--	--	--	--	--

e) á milli lína R0410 og R0412 er eftirfarandi línum bætt við:

„lán og skuldabréf (fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)	R0414					
lán og skuldabréf (fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis)	R0413 ⁴⁴ .					

6. Sniðmáti SR.26.01.01 er breytt sem hér segir:

a) lína R0290 fellur brott,

b) á milli lína R0280 og R0300 er eftirfarandi línum bætt við:

„fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	R0291					
fullgild innviðahlutabréf önnur en hlutabréf fyrirtækis	R0292 ⁴⁴ .					

c) lína R0411 fellur brott,

d) í stað línu R0412 kemur eftirfarandi:

„lán og skuldabréf (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)	R0412 ⁴⁴ .					
---	-----------------------	--	--	--	--	--

e) á milli lína R0410 og R0412 er eftirfarandi línum bætt við:

„lán og skuldabréf (fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)	R0414					
lán og skuldabréf (fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis)	R0413 ⁴⁴ .					

7. Í sniðmáti S.29.03.01 kemur eftirfarandi í stað línu R0300:

„Hrein breyting fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	R0300 ⁴⁴ .					
---	-----------------------	--	--	--	--	--

8. Sniðmáti S.29.04.01 er breytt sem hér segir:

a) í stað línu R0060 kemur eftirfarandi:

„Hrein breyting fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	R0060 ⁴⁴					
---	---------------------	--	--	--	--	--

b) í stað línu R0080 kemur eftirfarandi:

„Bókfærð iðgjöld	R0080 ⁴⁴ .					
------------------	-----------------------	--	--	--	--	--

c) í stað línu R0130 kemur eftirfarandi:

„Hrein breyting fyrir vísitölutengda og sjóðstengda starfsemi	R0130 ⁴⁴ .					
---	-----------------------	--	--	--	--	--

9. Sniðmáti S.30.04.01 er breytt sem hér segir:

a) dálkur C0320 fellur brott,

b) dálki C0320 er bætt við á eftir C0170.

10. Í sniðmáti S.37.01.04, á milli dálka C0090 og C0100, er eftirfarandi nýjum dálki C0091 „Innra mat“ bætt við:

„Innra mat

C0091“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 er breytt sem hér segir:

1. Í þætti S.01.02 — Grunnupplýsingar, í töflunni, er eftirfarandi línu bætt við:

„R0250	Undanþága frá skýrslugjöf um upplýsingar utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækis (ECAI)	Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá: 1 – Undanþága fyrir eignir (byggt á 6. og 7. mgr. 35. gr.) 2 – Undanþága fyrir eignir (byggt á útvistun) 3 – Undanþága fyrir afleiður (byggt á 6. og 7. mgr. 35. gr.) 4 – Undanþága fyrir afleiður (byggt á útvistun) 5 – Undanþága fyrir eignir og afleiður (byggt á 6. og 7. mgr. 35. gr.) 6 – Undanþága fyrir eignir og afleiður (byggt á útvistun) 0 – Ekki undanþegið“.
--------	---	---

2. Þáttur S.04.01 — Starfsemi eftir landi er breytt sem hér segir:

- a) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0010 í töflunni kemur eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:
„Þetta undanskilur tryggingastarfsemi útibúa og undanskilur tryggingastarfsemi sem byggir á frelsi félags til að veita þjónustu í EES-löndum.“
- b) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0060 í töflunni kemur í stað annarrar málsgreinar eftirfarandi:
„Þetta skal vera summa C0100 fyrir félagið og öll útibúa.“

3. Í þætti S.06.02 — Skrá yfir eignir er breytt sem hér segir:

- a) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0110 kemur eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:
„Þessi liður á ekki við um uppbótarauðkenniskóðann, CIC, (e. *Complementary Identification Code*) flokk 8 — Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og um CIC 95 — Varanlegir rekstrarfjármunir.“
- b) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0120 í töflunni kemur eftirfarandi í stað fjórðu málsgreinar:
„Þessi liður á ekki við um CIC flokk 8 — Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og um CIC flokk 9 — Eign.“
- c) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0130 er eftirfarandi málsgrein bætt við:
„Þessi liður á ekki við um CIC flokk 71 og 9.“
- d) í línu C0330 í töflunni kemur eftirfarandi í stað tæmandi skrárinnar yfir tilnefnd utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki:
- Euler Hermes Rating GmbH (Kennimerki lögaðila, LEI-kóði: 391200QXGLWHK9VK6V27)
 - Japan Credit Rating Agency Ltd (LEI-kóði: 35380002378CEGMRVW86)
 - BCRA-Credit Rating Agency AD (LEI-kóði: 747800Z0IC3P66HTQ142)
 - Creditreform Rating AG (LEI-kóði: 391200PHL11KDUTTST66)
 - Scope Ratings GmbH (áður Scope Ratings AG og PSR Rating GmbH) (LEI-kóði: 391200WU1EZUQFHDWE91)
 - ICAP Group SA (LEI-kóði: 2138008U6LKT8VG2UK85)
 - GBB-Rating Gesellschaft für Bonitätsbeurteilung GmbH (LEI-kóði: 391200OLWXCTKPADVV72)
 - ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH (LEI-kóði: 529900977LETWLJF3295)
 - ARC Ratings, S.A. (áður Companhia Portuguesa de Rating, S.A) (LEI-kóði: 213800OZJQMV6UA7D79)
 - AM Best Europe-Rating Services Ltd (AMBERS) (LEI-kóði: 549300VO8J8E5IQV1T26)
 - DBRS Ratings Limited (LEI-kóði: 5493008CGCDQLGT3EH93)

- Fitch (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - Fitch France S.A.S. (LEI-kóði: 2138009Y4TCZT6QOJO69)
 - Fitch Deutschland GmbH (LEI-kóði: 213800JEMOT1H45VN340)
 - Fitch Italia S.p.A. (LEI-kóði: 213800POJ9QSCHL3KR31)
 - Fitch Polska S.A. (LEI-kóði: 213800RYJTJPW2WD5704)
 - Fitch Ratings España S.A.U. (LEI-kóði: 213800RENFIIODKETE60)
 - Fitch Ratings Limited (LEI-kóði: 2138009F8YAHVC8W3Q52)
 - Fitch Ratings CIS Limited (LEI-kóði: 213800B7528Q4DIF2G76)
- Moody's (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - Moody's Investors Service Cyprus Ltd (LEI-kóði: 549300V4LCOYCMNUVR81)
 - Moody's France S.A.S. (LEI-kóði: 549300EB2XQYRSE54F02)
 - Moody's Deutschland GmbH (LEI-kóði: 549300M5JMGHVTWYZH47)
 - Moody's Italia S.r.l. (LEI-kóði: 549300GMXJ4QK70UOU68)
 - Moody's Investors Service España S.A. (LEI-kóði: 5493005X59ILY4BGJK90)
 - Moody's Investors Service Ltd (LEI-kóði: 549300SM89WABHDNJ349)
- Standard & Poor's (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - S&P Global Ratings France SAS (LEI-kóði: 54930035REY2YCDSBH09)
 - S&P Global Ratings Europe Limited (áður S&P Global Ratings Italy S.r.l. LEI-kóði 54930000NMOJ7ZBUQ063 – samruni 1. maí 2018) (LEI-kóði: 5493008B2TU3S6QE1E12)
 - Standard & Poor's Credit Market Services Europe Limited (LEI-kóði: 549300363WVTTH0TW460)
- CRIF Ratings S.r.l. (áður CRIF S.p.a.) (LEI-kóði: 8156001AB6A1D740F237)
- Capital Intelligence Ratings Ltd (LEI-kóði: 549300RE88OJP9J24Z18)
- European Rating Agency, a.s. (LEI-kóði: 097900BFME0000038276)
- Axesor Risk Management SL (LEI-kóði: 959800EC2RH76JYS3844)
- Cerved Rating Agency S.p.A. (áður CERVED Group S.p.A.) (LEI-kóði: 8156004AB6C992A99368)
- Kroll Bond Rating Agency (LEI-kóði: 549300QYZ5CZYXTNZ676)
- The Economist Intelligence Unit Ltd (LEI-kóði: 213800Q7GRZWF95EWN10)
- Dagong Europe Credit Rating Srl (Dagong Europe) (LEI-kóði: 815600BF4FF53B7C6311)
- Spread Research (LEI-kóði: 969500HB6BVM2UJDOC52)
- EuroRating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 25940027QWS5GMO74O03)
- HR Ratings de México, S.A. de C.V. (HR Ratings) (LEI-kóði: 549300IFL3XJKTRHZ480)
- Moody's Investors Service EMEA Ltd (LEI-kóði: 54930009NU3JYS1HTT72)
- Egan-Jones Ratings Co. (EJR) (LEI-kóði: 54930016113PD33V1H31)
- modeFinance S.r.l. (LEI-kóði: 815600B85A94A0122614)
- INC Rating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 259400SUBF5EPOGK0983)
- Rating-Agentur Expert RA GmbH (LEI-kóði: 213800P3OOBSGWN2UE81)
- Kroll Bond Rating Agency Europe Limited (LEI-kóði: 5493001NGHOLC41ZSK05)
- SPMW Rating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 259400PIF3W6YC660564)
- Önnur tilnefnd utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki“.

4. Þáttur S.06.03 — Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu — gegnsæisaðferð, breytist sem hér segir:

- a) undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“ kemur eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:

„Sniðmátið skal innihalda upplýsingar sem samsvara 100% af fjárfestingarvirðinu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir auðkenningu á löndum skal gegnsæisaðferðinni þó beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna að frádrögnum fjárhæðum sem tengjast CIC 8 og 9, og fyrir auðkenningu á gjaldmiðlum

skal gegnsæisaðferðinni beitt til að greina áhættuskuldbindingar fyrir 90% af heildarvirði sjóðanna. Félög skulu sjá til þess að þau 10% sem ekki eru tilgreind eftir löndum séu dreifð yfir mörg landfræðileg svæði, t.d. að ekki séu meira en 5% í einu landi. Félög skulu beita gegnsæisaðferðinni þar sem byrjað er á stærsta sjóðnum, með tilliti til fjárfestingarfjárhæðarinnar, og endað á þeim minnsta og skal aðferðinni beitt með samræmdum hætti yfir tíma.“

b) í stað þriðja dálks („Leiðbeiningar“) í línu C0050 í töflunni kemur eftirfarandi:

„Tilgreina hvort gjaldmiðill eignaflokksins sé gagnaskilagjaldmiðillinn eða erlendur gjaldmiðill. Vísað er til allra annarra gjaldmiðla en gagnaskilagjaldmiðilsins sem erlends gjaldmiðils. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá:

- 1 – Gagnaskilagjaldmiðil
- 2 – Erlendan gjaldmiðil
- 3 – Samtölu gjaldmiðla vegna beitingar viðmiðunarmarka“.

5. Í þætti S.07.01 — Samsettar fjármálaafurðir, í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0100 í töflunni bætist eftirfarandi liður við:

„6 — á ekki við“.

6. Í þætti S.08.01 — Opnar afleiður, er töflunni breytt sem hér segir:

a) Undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“ kemur eftirfarandi í stað níundu málsgreinar:

„Í töflunni Upplýsingar um stöður sem haldið er skal hver afleiða tilgreind sérstaklega í eins mörgum línnum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar ópeningalegar breytur sem krafist er í þeirri töflu. Ef hægt er að gefa upp tvö virði á eina breytu fyrir sömu afleiðu þarf að tilgreina þessa afleiðu í fleiri en einni línu.“

b) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0090 kemur eftirfarandi:

„Auðkenniskóði (e. *ID Code*) gerningsins (eign eða skuldbinding) sem er undirliggjandi afleiðusamningnum. Gefa á upp þennan lið eingöngu fyrir afleiður sem eru með einn eða fleiri undirliggjandi gerninga í eignasafni félagsins. Vísitala er talin einn gerningur og skal tilgreind. Auðkenniskóði gerningsins sem er undirliggjandi afleiðunni samkvæmt eftirfarandi forgangs röðun:

- ISIN-kóði samkvæmt ISO 6166, þegar hann er tiltækur
- Aðrir viðurkenndir kóðar (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC)
- Kóði sem félagið úthlutar fyrir undirliggjandi gerning þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir og verður að vera einkvæmur og samkvæmur yfir tíma fyrir þann gerning,
- „Margar eignir/skuldbindingar“, ef undirliggjandi eignir eða skuldbindingar eru fleiri en ein.

Ef undirliggjandi gerningur er vísitala skal tilgreina kóða vísitölnunnar.“,

c) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0100 kemur eftirfarandi:

„Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Undirliggjandi gerningur fyrir afleiðuna“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá:

- 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166
- 2 – CUSIP-númer (The Committee on Uniform Securities Identification Procedures: númer sem þjónustuskrifstofa CUSIP úthlutar til bandarískra og kanadískra fyrirtækja)
- 3 – SEDOL-númer (Stock Exchange Daily Official List fyrir kauphöllina í London)
- 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið)
- 5 – Bloomberg Ticker (stafakóði Bloomberg sem auðkennir verðbréf fyrirtækis)
- 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg)
- 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga)
- 8 – FIGI (Financial Instrument Global Identifier)
- 9 – Aðra kóða frá aðilum að Association of National Numbering Agencies
- 99 – Kóða sem félagið úthlutar í því tilviki að enginn ofangreindra valkosta sé tiltækur. Þennan valkost skal einnig nota fyrir tilvikin „Margar eignir/skuldbindingar“ og vísitölur“.

- d) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0300 í töflunni fellur önnur málsgrein brott.
- e) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0300 kemur eftirfarandi í stað tæmandi skrárinnar yfir tilnefnd utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki:
- „— Euler Hermes Rating GmbH (LEI-kóði: 391200QXGLWHK9VK6V27)
 - Japan Credit Rating Agency Ltd (LEI-kóði: 35380002378CEGMRVW86)
 - BCRA-Credit Rating Agency AD (LEI-kóði: 747800Z0IC3P66HTQ142)
 - Creditreform Rating AG (LEI-kóði: 391200PHL11KDUTTST66)
 - Scope Ratings GmbH (áður Scope Ratings AG og PSR Rating GmbH) (LEI-kóði: 391200WU1EZUQFHDWE91)
 - ICAP Group SA (LEI-kóði: 2138008U6LKT8VG2UK85)
 - GBB-Rating Gesellschaft für Bonitätsbeurteilung GmbH (LEI-kóði: 391200OLWXCTKPADVV72)
 - ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH (LEI-kóði: 529900977LETWLJF3295)
 - ARC Ratings, S.A. (áður Companhia Portuguesa de Rating, S.A) (LEI-kóði: 213800OZJQMV6UA7D79)
 - AM Best Europe-Rating Services Ltd (AMBERS) (LEI-kóði: 549300VO8J8E5IQV1T26)
 - DBRS Ratings Limited (LEI-kóði: 5493008CGCDQLGT3EH93)
 - Fitch (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - Fitch France S.A.S. (LEI-kóði: 2138009Y4TCZT6QOJO69)
 - Fitch Deutschland GmbH (LEI-kóði: 213800JEMOT1H45VN340)
 - Fitch Italia S.p.A. (LEI-kóði: 213800POJ9QSCHL3KR31)
 - Fitch Polska S.A. (LEI-kóði: 213800RYJTJPW2WD5704)
 - Fitch Ratings España S.A.U. (LEI-kóði: 213800RENFIIODKETE60)
 - Fitch Ratings Limited (LEI-kóði: 2138009F8YAHVC8W3Q52)
 - Fitch Ratings CIS Limited (LEI-kóði: 213800B7528Q4DIF2G76)
 - Moody's (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - Moody's Investors Service Cyprus Ltd (LEI-kóði: 549300V4LCOYCMNUVR81)
 - Moody's France S.A.S. (LEI-kóði: 549300EB2XQYRSE54F02)
 - Moody's Deutschland GmbH (LEI-kóði: 549300M5JMGHVTWYZH47)
 - Moody's Italia S.r.l. (LEI-kóði: 549300GMXJ4QK70UOU68)
 - Moody's Investors Service España S.A. (LEI-kóði: 5493005X59ILY4BGJK90)
 - Moody's Investors Service Ltd (LEI-kóði: 549300SM89WABHDNJ349)
 - Standard & Poor's (skal notað ef skiptingin hér að neðan er ekki tiltæk)
 - S&P Global Ratings France SAS (LEI-kóði: 54930035REY2YCDSBH09)
 - S&P Global Ratings Europe Limited (áður S&P Global Ratings Italy S.r.l, LEI-kóði 54930000NMOJ7ZBUQ063 – samruni 1. maí 2018) (LEI-kóði: 5493008B2TU3S6QE1E12)
 - Standard & Poor's Credit Market Services Europe Limited (LEI-kóði: 549300363WVTTH0TW460)
 - CRIF Ratings S.r.l. (áður CRIF S.p.a.) (LEI-kóði: 8156001AB6A1D740F237)
 - Capital Intelligence Ratings Ltd (LEI-kóði: 549300RE88OJP9J24Z18)
 - European Rating Agency, a.s. (LEI-kóði: 097900BFME0000038276)
 - Axesor Risk Management SL (LEI-kóði: 959800EC2RH76JYS3844)
 - Cerved Rating Agency S.p.A. (áður CERVED Group S.p.A.) (LEI-kóði: 8156004AB6C992A99368)
 - Kroll Bond Rating Agency (LEI-kóði: 549300QYZ5CZYXTNZ676)
 - The Economist Intelligence Unit Ltd (LEI-kóði: 213800Q7GRZWF95EWN10)
 - Dagong Europe Credit Rating Srl (Dagong Europe) (LEI-kóði: 815600BF4FF53B7C6311)

- Spread Research (LEI-kóði: 969500HB6BVM2UJDOC52)
- EuroRating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 25940027QWS5GMO74O03)
- HR Ratings de México, S.A. de C.V. (HR Ratings) (LEI-kóði: 549300IFL3XJKTRHZ480)
- Moody's Investors Service EMEA Ltd (LEI-kóði: 54930009NU3JYS1HTT72)
- Egan-Jones Ratings Co. (EJR) (LEI-kóði: 54930016113PD33V1H31)
- modeFinance S.r.l. (LEI-kóði: 815600B85A94A0122614)
- INC Rating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 259400SUBF5EPOGK0983)
- Rating-Agentur Expert RA GmbH (LEI-kóði: 213800P3OOBSGWN2UE81)
- Kroll Bond Rating Agency Europe Limited (LEI-kóði: 5493001NGHOLC41ZSK05)
- SPMW Rating Sp. z o.o. (LEI-kóði: 259400PIF3W6YC660564)
- Önnur tilnefnd utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki“.

7. Í þætti S.08.02 — Afleiðuviðskipti er töflunni breytt sem hér segir:

- a) undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“ kemur eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar í tíundu málsgrein:

„Í töflunni Upplýsingar um stöður sem haldið er skal hver afleiða tilgreind sérstaklega í eins mörgum línnum og þörf er á til að færa á tilhlýðilegan hátt inn allar ópeningalegar breytur sem krafist er í þeirri töflu.“

- b) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0090 kemur eftirfarandi:

„Auðkenniskóði (e. *ID Code*) gerningsins (eign eða skuldbinding) sem er undirliggjandi afleiðusamningnum. Gefa á upp þennan lið eingöngu fyrir afleiður sem eru með einn eða fleiri undirliggjandi gerninga í eignasafni félagsins. Vísitala er talin einn gerningur og skal tilgreind. Auðkenniskóði gerningsins sem er undirliggjandi afleiðunni samkvæmt eftirfarandi forgangsröðun:

- ISIN-kóði samkvæmt ISO 6166, þegar hann er tiltækur.
- Aðrir viðurkenndir kóðar (t.d.: CUSIP, Bloomberg Ticker, Reuters RIC)
- Kóði sem félagið úthlutar fyrir undirliggjandi gerning þegar ofangreindir valkostir eru ekki tiltækir og verður að vera einkvæmur og samkvæmur yfir tíma fyrir þann gerning,
- „Margar eignir/skuldbindingar“, ef undirliggjandi eignir eða skuldbindingar eru fleiri en ein.

Ef undirliggjandi gerningur er vísitala skal tilgreina kóða vísitölunnar.“

- c) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0100 kemur eftirfarandi:

„Tegund auðkenniskóða sem notaður er fyrir liðinn „Undirliggjandi gerningur fyrir afleiðuna“. Nota skal einn valkostanna í eftirfarandi tæmandi skrá:

- 1 – ISIN-kóða samkvæmt ISO 6166
- 2 – CUSIP-númer (The Committee on Uniform Securities Identification Procedures: númer sem þjónustuskrifstofa CUSIP úthlutar til bandarískra og kanadískra fyrirtækja)
- 3 – SEDOL-númer (Stock Exchange Daily Official List fyrir kauphöllina í London)
- 4 – WKN-númer (Wertpapier Kenn-Nummer, Þýska alstafaauðkennisnúmerið)
- 5 – Bloomberg Ticker (stafakóði Bloomberg sem auðkennir verðbréf fyrirtækis)
- 6 – BBGID (Alþjóðlegt auðkennisnúmer Bloomberg)
- 7 – Reuters RIC (Kóði Reuters fyrir gerninga)
- 8 – FIGI (Alþjóðlegt auðkenni fjármálagerninga)
- 9 – Aðra kóða aðila að sambandi landsbundinna umboðsskrifstofa fyrir númeraraðir
- 99 – Kóða sem félagið úthlutar í því tilviki að enginn ofangreindra valkosta sé tiltækur. Þennan valkost skal einnig nota fyrir tilvikin „Margar eignir/skuldbindingar“ og vísitölur“.

8. Þætti S.11.01 — Eignir sem haldið er sem tryggingu, er breytt sem hér segir:

- a) Undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“, í sjöttu málsgrein, er eftirfarandi málslið bætt við:

„Fasteign sem haldið er sem tryggingu fyrir veðlánnum til einstaklinga skal tilgreind í einni línu.“

b) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0080 í töflunni kemur eftirfarandi í stað þriðju málsgreinar:

„Þessi liður á ekki við um tryggingar í flokki CIC 8 — Veðlán og lán, CIC 71, CIC 75 og um CIC 95 — Varanlegir rekstrarfjármunir.“

9. Í þætti S.12.01 — Vátryggingaskuld í líf- og heilsuþryggingum, sem stafræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging er töflunni breytt sem hér segir:

a) í stað lína C0020, C0030, C0060, C0090, C0160, C0190/R0220 kemur eftirfarandi:

„C0020, C0030, C0060, C0090, C0100, C0160, C0190/R0220	Besta mat á afurðum með afsalsrétti	Fjárhæð vergs besta mats á afurðum með afsalsrétti fyrir hverja atvinnugrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35. Þessi fjárhæð skal einnig tekin með í R0030 til R0090.“
--	-------------------------------------	--

b) eftirfarandi línur er bætt við á milli lína C0030, C0060, C0090, C0160, C0190, C0200/R0230 og C0020, C0100/R0240:

„C0150/R0230	Vergt besta mat fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, tryggðan og valkvæðan ávinning í framtíðinni – Alls (Líftrygging, önnur en sjúkratrygging, þ.m.t. sjóðstengd).	Heildarfjárhæð afvaxtaðs ústreymis handbærs fjár (greiðslur til vátryggingartaka og vátryggða) fyrir tryggðan ávinning í framtíðinni og valkvæðan ávinning í framtíðinni fyrir líftryggingu, aðra en sjúkratryggingu, þ.m.t. sjóðstengda.
C0210/R0230	Vergt besta mat fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, tryggðan og valkvæðan ávinning í framtíðinni – Alls (Sjúkratrygging, svipaða líftryggingu).	Heildarfjárhæð afvaxtaðs ústreymis handbærs fjár (greiðslur til vátryggingartaka og vátryggða) fyrir tryggðan ávinning í framtíðinni og valkvæðan ávinning í framtíðinni fyrir sjúkratryggingu, svipaða líftryggingu.“

c) eftirfarandi línur er bætt við á milli lína C0020, C0100/R0240 og C0020, C0100/R0250:

„C0150/R0240	Vergt besta mat fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, tryggðan ávinning í framtíðinni – Alls (Líftrygging, önnur en sjúkratrygging, þ.m.t. sjóðstengd).	Heildarfjárhæð vergs besta mats fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, tryggðan ávinning í framtíðinni fyrir líftryggingu, aðra en sjúkratryggingu, þ.m.t. sjóðstengda.“
--------------	--	--

d) eftirfarandi línur er bætt við á milli lína C0020, C0100/R0250 og C0020, C0030, C0060, C0090, C0100, C0160, C0190, C0200/R0260:

„C0150/R0250	Vergt besta mat fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, valkvæðan ávinning í framtíðinni – Vátrygging með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum – Alls (Líftrygging, önnur en sjúkratrygging, þ.m.t. sjóðstengd).	Heildarfjárhæð vergs besta mats fyrir sjóðstreymi, ústreymi handbærs fjár, valkvæðan ávinning í framtíðinni – Vátrygging með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum fyrir líftryggingu, aðra en sjúkratryggingu, þ.m.t. sjóðstengda.“
--------------	--	--

10. Í þætti S.14.01 — Greining líftryggingaskuldbindinga er töflunni breytt sem hér segir:

a) í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0080 fellur önnur málsgrein brott,

b) lína C0210 fellur brott,

c) eftirfarandi línu er bætt við á eftir línu C0200:

„C0260	Árlega tryggðir vextir (yfir meðallíftíma tryggingar)	Tryggðir meðalvextir til váttryggingartaka á því sem eftir er af líftíma samningsins, gefnir upp sem prósentu. Á eingöngu við ef kveðið er á um tryggða vexti í samningnum. Á ekki við um sjöðstengda samninga.“
--------	---	---

11. Í þætti S.15.01 — Lýsing á ábyrgðum fyrir breytilegan lífeyri kemur eftirfarandi í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0100 í töflunni:

„Gefið upp stigið á tryggðum ávinningi.“

12. Í þætti S.15.02 — Áhættuvarnir ábyrgða fyrir breytilegan lífeyri kemur eftirfarandi í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0140 í töflunni:

„„Efnahagsleg niðurstaða“ sem tryggingin í váttryggingarsamningnum hefur myndað yfir skýrslugjafararið, að teknu tilliti til niðurstöðu áhættuvarnaráætlunarinnar. Ef áhættuvörn er gerð fyrir afurðaeignasafn, t.d. í tilvikum þar sem ekki er hægt að úthluta áhættuvarnagningum á sérstakar afurðir, skal félagið deila út áhrifunum af áhættuvörn á mismunandi afurðir með því að nota vog hverrar afurðar í „Efnahagsleg niðurstaða án áhættuvarnar“ (C0110). Þetta á ekki að tilkynna í tilvikum þegar félagið sjálf er ekki með áhættuvarnaráætlun, en endurtryggir eingöngu tryggingarhlutann.“

13. Í þætti S.16.01 — Upplýsingar um lífeyri sem kemur frá skaðatryggingaskuldbindingum kemur eftirfarandi í stað tæmandi skrárinnar í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu Z0010 í töflunni:

- „1 – 1 og 13 Váttrygging vegna sjúkrakostnaðar
- 2 – 2 og 14 Váttrygging vegna tekjuverndar
- 3 – 3 og 15 Váttrygging vegna launþegabóta
- 4 – 4 og 16 Ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja
- 5 – 5 og 17 Önnur ökutækjatrýgging
- 6 – 6 og 18 Sjó-, flug- og flutningstrygging
- 7 – 7 og 19 Bruna- og önnur eignatrygging
- 8 – 8 og 20 Almenn ábyrgðartrygging
- 9 – 9 og 21 Greiðslu- og efndaváttrygging
- 10 – 10 og 22 Réttaraðstoðartrygging
- 11 – 11 og 23 Ferðamannaaðstoð
- 12 – 12 og 24 Váttrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns
- 25 – Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging
- 26 – Óhlutfallsleg slysaendurtrygging
- 27 – Óhlutfallsleg sjó-, flug- og flutningstrygging
- 28 – Óhlutfallsleg eignaendurtrygging“.

14. Í sniðmáti S.22.03, í þriðja dálki í töflunni kemur eftirfarandi í stað leiðbeininganna fyrir C0010/R0060:

„Aðlögun vegna samræmingar á áhættulausum vöxtum fyrir tilgreinda eignasafnið, tilgreint í grunnpunktum með því að nota tugabrot, t.d. 100 grunnpunktar tilgreint sem 0,01.“

15. Í þætti S.22.05 — Heildarútreikningur á umbreytingarákvæðum fyrir váttryggingaskuld, í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0010/R0070 í töflunni kemur eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Ef engri takmörkun er beitt skal tilgreina fjárhæðina sem reiknuð er út sem R0060*(R0010-R0050).“

16. Í þætti S.22.06 — Besta mat sem fellur undir aðlögun vegna óstöðugleika eftir landi og gjaldmiðli, undir fyrirsögninni „Almennar athugasemdir“ kemur eftirfarandi í stað fjórðu málsgreinar:

„Upplýsingar skal tilgreina í tengslum við umtalsverðar skuldbindingar í löndum og gjaldmiðlum sem aðlögun vegna óstöðugleika, og landsálagi, ef við á, er beitt á upp að 90% af samanlögðu besta mati sem fellur undir aðlögun vegna óstöðugleika eftir gjaldmiðli og landi.“

17. Í þætti S.23.04 — Skrá yfir gjaldþolsliði er breytt sem hér segir:

a) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0370 í töflunni kemur eftirfarandi:

„Þetta er fyrsti framtíðargjalddagi fyrir víkjandi skuldir. Þetta skal vera á ISO 8601 sniði (áááá-mm-dd).“

b) í stað textans í þriðja dálki („Leiðbeiningar“) í línu C0710/R0020 kemur eftirfarandi:

„Þetta er frádrátturinn fyrir hvert eignasafn varins sjóðs/aðlögunar vegna samræmingar, í samræmi við 81. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.“

18. Í þætti S.26.01 — Gjaldþolskrafa — Markaðsáhætta er töflunni breytt sem hér segir:

a) línur R0290/C0020 til R0290/C0080 falla brott,

b) eftirfarandi línum er bætt við á milli lína R0260–R0280/C0040 og R0300/C0020:

„R0291/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell — Eignir — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er upphaflegt algildi eignanna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0291/C0030	Upphafleg algildi fyrir skell — Skuldbindingar — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er upphaflegt algildi skuldbindinga sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0291/C0040	Algildi eftir skell — Eignir — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis, eftir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0291/C0050	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (eftir tapgleypni vátryggingaskuldar) — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er algildi skuldbindinga sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis), eftir skellinn og eftir tapgleypni vátryggingaskuldar. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0291/C0060	Algildi eftir skell — Hrein gjaldþolskrafa — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er hreina gjaldþolskrafan vegna hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis) eftir leiðréttingu fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar.
R0291/C0070	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar) — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra hlutabréfa innviðafyrirtækis), eftir skellinn en fyrir tapgleypni vátryggingaskuldar. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.

R0291/C0080	Algildi eftir skell — Verg gjaldþolskrafa — Hlutabréfaáhætta — fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis	Þetta er verg gjaldþolskrafa vegna hlutabréfaáhættu fyrir fullgild hlutabréf innviðafyrirtækis, þ.e. fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar.“
-------------	---	---

c) eftirfarandi línur eru bætt við á milli lína R0291/C0080 og R0300/C0020:

„R0292/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell — Eignir — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er upphaflegt algildi eigna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra innviðahlutabréfa. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0292/C0030	Upphafleg algildi fyrir skell — Skuldbindingar — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er upphaflegt algildi skuldbindinga sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra innviðahlutabréfa. Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0292/C0040	Algildi eftir skell — Eignir — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu vegna fullgildra innviðahlutabréfa, eftir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0292/C0050	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (eftir tapgleypni váttryggingaskuldar) — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er algildi skuldbindinga sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra innviðahlutabréfa), eftir skellinn og eftir tapgleypni váttryggingaskuldar. Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0292/C0060	Algildi eftir skell — Hrein gjaldþolskrafa — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er hreina gjaldþolskrafan vegna hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra innviðahlutabréfa) eftir leiðréttingu fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar.
R0292/C0070	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar) — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru næmar fyrir hlutabréfaáhættu (vegna fullgildra innviðahlutabréfa), eftir skellinn en fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar. Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0292/C0080	Algildi eftir skell — Verg gjaldþolskrafa — Hlutabréfaáhætta — fullgild innviðahlutabréf	Þetta er verg gjaldþolskrafa vegna hlutabréfaáhættu fyrir fullgild innviðahlutabréf, þ.e. fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar.“

d) línur R0411/C0020 til R0411/C0080 falla brott,

e) eftirfarandi línur eru bætt við á milli lína R0410/C0080 og R0412/C0020:

„R0413/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell — Eignir — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er upphaflegt algildi eignanna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0413/C0030	Upphafleg algildi fyrir skell — Skuldbindingar — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er upphaflegt algildi skuldbindinganna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0413/C0040	Algildi eftir skell — Eignir — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis, eftir skellinn. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
R0413/C0050	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (eftir tapgleypni vátryggingaskuldar) — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru undirliggjandi vikáhættu fyrir skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis, eftir skellinn og eftir tapgleypni vátryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Vátryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0413/C0060	Algildi eftir skell — Hrein gjaldþolskrafa — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er hreina gjaldþolskrafa vegna vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis, eftir leiðréttingu vegna tapgleypni vátryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Ef R0010/C0010 = 1 skal ekki tilgreina þennan lið.

R0413/C0070	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar) — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	<p>Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis, eftir skellinn en fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410.</p> <p>Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.</p>
R0413/C0080	Algildi eftir skell — Verg gjaldþolskrafa — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar innviðafjárfestingar)	<p>Þetta er verg gjaldþolskrafa vegna vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar innviðafjárfestingar, aðrar en innviðafyrirtækis, þ.e. fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410.</p> <p>Ef R0010/C0010 = 1 skal ekki tilgreina þennan lið.“</p>

f) í stað lína R0412/C0020 til R0412/C0080 í töflunni kemur eftirfarandi:

„R0412/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell — Eignir — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	<p>Þetta er upphaflegt algildi eignanna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis.</p> <p>Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.</p>
R0412/C0030	Upphafleg algildi fyrir skell — Skuldbindingar — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	<p>Þetta er upphaflegt algildi skuldbindinganna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410.</p> <p>Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.</p>
R0412/C0040	Algildi eftir skell — Eignir — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	<p>Þetta er algildi eignanna sem eru næmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis, eftir skellinn.</p> <p>Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.</p>

R0412/C0050	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (eftir tapgleypni váttryggingaskuldar) — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru undirliggjandi vikáhættu fyrir skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis, eftir skellinn og eftir tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0412/C0060	Algildi eftir skell — Hrein gjaldþolskrafa — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er hreina gjaldþolskrafa vegna vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis, eftir leiðréttingu vegna tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Ef R0010/C0010 = 1 skal ekki tilgreina þennan lið.
R0412/C0070	Algildi eftir skell — Skuldbindingar (fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar) — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er algildi skuldbindinganna sem eru nærmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis, eftir skellinn en fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Váttryggingaskuldin skal vera að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingu og félagi með sérstakan tilgang.
R0412/C0080	Algildi eftir skell — Verg gjaldþolskrafa — Vikáhætta — skuldabréf og lán (önnur en fullgildar innviðafjárfestingar)	Þetta er verg gjaldþolskrafa vegna vikáhættu á skuldabréf og lán, önnur en fullgildar innviðafjárfestingar og fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis, þ.e. fyrir tapgleypni váttryggingaskuldar. Þetta gildi skal eingöngu tilgreint þegar hægt er að leiða fram skiptinguna á milli R0412, R0413 og R0414 með þeirri aðferð sem notuð er við útreikninginn. Þegar skiptingin er ekki möguleg skal eingöngu fylla út R0410. Ef R0010/C0010 = 1 skal ekki tilgreina þennan lið.“

g) eftirfarandi línur er bætt við á milli lína R0412/C0080 og R0420/C0060:

„R0414/C0020	Upphafleg algildi fyrir skell — Eignir — Vikáhætta — skuldabréf og lán (fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis)	Þetta er upphaflegt algildi eignanna sem eru nærmar fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem eru fullgildar fjárfestingar innviðafyrirtækis. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingu og félögum með sérstakan tilgang skal ekki taka með í þennan reit.
--------------	---	--

